



Atvinnuvegaráðuneyti
Skrifstofa auðlinda
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Stykkishólmi, 3. apríl 2025

Efni: Umsögn Sveitarfélagsins Stykkishólms um drög að frumvarpi um breytingar á lögum nr. 145/2018, um veiðigjald - Mál nr. S-62/2025

Sveitarfélagið Stykkishólmur, kt. 620269-7009, veitir hér umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018 - Mál nr. S-62/2025.

Á Snæfellsnesi eru sjávarbyggðir þar sem reknar eru litlar og meðalstórar útgerðir, fiskvinnslur og fiskmarkaðir og mynda fyrirtækin undirstöðuatvinnuveg á svæðinu. Hvað varðar Sveitarfélagið Stykkishólm þá er vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélagsins 15,7% samkvæmt samantekt Vífils Karlssonar, hagfræðings SSV, en þá eru ótalin þau margfeldisáhrif sjávarútvegs innan sveitarfélagsins sem eru umtalsverð, t.a.m. aðkeypt flutningsþjónusta, kaup á þjónustu iðnaðarmanna, umsvif og tekjur Stykkishólmshafnar, aðkeypt þjónusta verktaka o.fl. Þá má vænta þess að útseld þjónusta gæti lækkað hjá þeim fyrirtækjum innan sveitarfélagsins sem þjónustar sjávarútveg. Þannig má vænta að óbein neikvæð áhrif hækkunar veiðigjalds á heildarumsvif í sveitarfélaginu yrðu líklega mun meiri en sem nemur 15,7%. Þar sem frumvarpið mun hafa áhrif á eina af meginstöðum samfélagsins hér er ljóst, samkvæmt framangreindu, að áhrifin af frumvarpinu gæti komið til með að hafa alvarleg og neikvæð áhrif á Sveitarfélagið Stykkishólm og þar með samfélagið hér. Þá er jafnframt ljóst samkvæmt framangreindu að frumvarpið mun koma til með að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga um land allt, þó áhrifin komi til með að koma misjafnlega niður á byggðum landsins, og eru því gerðar alvarlegar athugasemdir við að ekki liggi fyrir sérstakt mat á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga, eins og skylt er samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Í því ljósi gerir sveitarfélagið alvarlegar athugasemdir við að engin greining fylgi frumvarpinu á áhrifum þess á sveitarfélög, t.a.m. á útsvarstekjur og hafnargjöld, sér í lagi í ljósi þeirra hagsmuna sem fyrir liggja.

Sveitarfélagið Stykkishólmur leggur þunga áherslu á að möguleg breyting á veiðigjöldum muni ekki leggjast þungt á litlar og meðalstórar útgerðir og stuðla þannig að frekari samþjöppun í greininni. Sveitarfélagið telur mikilvægt að hverskyns breytingar á lögum um stjórn fiskveiða verði ekki til þess að grafa undan samkeppnisstöðu lítilla og meðalstórra útgerða. Það er ljóst að hröð samþjöppun komi til með að eiga sér stað í atvinnugreininni leggist gjaldið með íþyngjandi hætti á lítil og meðalstór sjávarútvegsfyrirtæki á Snæfellsnesi og með því er hætta á að þessi grunnstoð atvinnulífs á Snæfellsnesi muni eiga erfitt uppdráttar sem komi til með að hafa neikvæð áhrif til lengri tíma á Snæfellsnesi.



Sveitarfélagið Stykkishólmur leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að skapa sátt og stöðugleika um starfsumhverfi sjávarútvegs þannig að atvinnugreinin geti þróast áfram á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, greitt sanngjarnt nýtingargjald af auðlindinni og geti eflst enn frekar samfélaginu öllu til hagsbóta. Þar liggja tækifærin.

Sveitarfélagið vísar að öðru leyti til fyrirbyggjandi umsagna Samtaka sveitarfélaga í sjávarútvegi og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Virðingarfyllst,


Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,
bæjarstjóri